



MOSFELLSBÆR
VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSEKNI UMHYGGJA

Minnisblað til menningar- og nýsköpunarnefndar Mosfellsbæjar

Efni: Sýningar í Listasal Mosfellsbæjar 2022

Dags: 6. ágúst 2021

Málsnúmer: 202108152/-

Málsmeðferð: Til umfjöllunar

Starfsmaður: Auður Halldórsdóttir, forstöðumaður bókasafns og menningarmála

Það sem af er árinu 2021 hafa farið fram sex sýningar og sú sjötta stendur yfir nú um mundir. Ekki hefur þurft að fresta sýningum vegna COVID-19 líkt og á árinu 2020. Í einhver skipti var þó ekki um formlega opnun sýningar að ræða, eða opnun án veitinga.

Aðeins hefur dregið úr fjölda sýningargesta eins og kannski eðlilegt er miðað við ástandið. Einnig hefur verið erfiðara að fá fjölmiðlaumfjallanir í stærri kantinum s.s. sjónvarps- eða útvarpsviðtöl en það hefur þó tekist af og til. Sala hefur gengið vel á þeim sýningum sem hafa boðið upp á slíkt. Á fyrstu sýningu ársins seldust t.d. öll verk nema eitt.

Fjórða árið í röð slógum við met hvað varðar fjölda umsókna. Að þessu sinni bárust 58 umsóknir (samanborið við 23 árið 2018). Af þeim voru 53 einstaklingsumsóknir og 5 umsóknir um hópsýningar. 49 umsóknir bárust frá konum, 8 frá körlum og 1 frá blönduðum hóp. Að venju voru nokkrar umsóknir frá Mosfellingum eða 5 talsins. Aðrir listamenn höfðu annars konar tengingu við Mosfellsbæ s.s. starfa í bænum. Enn aðrar umsóknir innihéldu veikari tengsl við bæinn t.d. með því að bjóða upp á möguleika á að notast við mosfellskt viðfangsefni eða efnivið, listamennirnir eiga nána ættingja í bænum eða voru hér í sveit á sumrin sem börn. Yngsti umsækjandinn er 16 ára og sá elsti 80 ára.

Leiðarljós Listasalar Mosfellsbæjar hefur alltaf verið að sýna fjölbreytta myndlist breiðs hóps listamanna. Bæði er það í anda salarins að bjóða alls konar list og listamenn velkomna og eins myndar það dýnamík sem er spennandi jafnt fyrir sýningargesti sem fjölmiðla. Markmiðið er að sýningar séu ekki of keimlíkar svo það fari ekki á milli mála þegar ný sýning er komin í salinn. Við viljum að fólk átti sig á að Listasalur Mosfellsbæjar er kraftmikill staður sem er virkur allan ársins hring.

Umsjónarmaður Listasalar Mosfellsbæjar og forstöðumaður bókasafns og menningarmála fóru ítarlega yfir allar umsóknir og leggja fram meðfylgjandi tillögu að sýningaraðilum árið 2022. Raðað verður niður á sýningarárið síðar í samráði við listamennina.

Virðingarfyllt,

Steinunn Lilja Emilsdóttir, umsjónarmaður Listasalar Mosfellsbæjar
Auður Halldórsdóttir, forstöðumaður bókasafns og menningarmála